

Nd.
um gagnfræðanám.

30. Frumvarp til laga

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

I. KAFLI

Gagnfræðastigið. Einkenni og tilgangur.

1. gr.

Gagnfræðastigið er annað stig skólakerfisins. Það tengir saman barnaskóla annars vegar og sérskóla og menntaskóla hins vegar.

Skólar þessa stigs eru einkum ætlaðir unglíngum á aldrinum 13—17 ára.

2. gr.

Tilgangur gagnfræðanámsins er sá, að efla andlegan og líkamlegan þroska unglinga, veita þeim lögboðna fræðslu, búa þá undir framhaldsnám í menntaskólum, sérskólum og sérfræðinámsskeiðum og undir ýmis störf, sem krefjast góðrar almennrar menntunar.

3. gr.

Á gagnfræðastiginu eru þrens konar skólar með samræmdri námsskrá: unglingaskólar, miðskólar og gagnfræðaskólar.

II. KAFLI

Gagnfræðahéruð og gagnfræðaráð.

4. gr.

Hver kaupstaður og hver sýsla er gagnfræðahérað. Þó skal sameina tvær eða fleiri sýslur í eitt gagnfræðahérað svo og hrepp eða hluta úr hreppi gagnfræðahéraði annarrar sýslu eða kaupstaðar, þegar fræðslumálastjórn mælir svo fyrir. Leita skal álits hlutaðeigandi sýslunefnda eða sveitarstjórna, áður en slík sameining er ákveðin.

Í hverju gagnfræðahéraði starfar einn gagnfræðaskóli hið minnsta.

5. gr.

Hvert gagnfræðahérað er eitt eða fleiri gagnfræðahverfi, og skal í hverju vera að minnsta kosti einn skóli, sem veiti skyldufræðslu gagnfræðastigsins.

6. gr.

Í hverju gagnfræðahéraði er gagnfræðaráð, skipað sem hér segir:

Bæjarstjórnir og sýslunefndir kjósa gagnfræðaráðsmenn hlutbundinni kosningu á fyrsta fundi eftir kosningar, og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarfulltrúa eða sýslunefndarmanna. Hver bæjarstjórn kys fjóra. Ef gagnfræðahérað er ein sýsla, kys sýslunefnd fjóra, en nái það til tveggja eða fleiri sýslna, kys hvor sýslunefnd tvo gagnfræðaráðsmenn.

Fræðslumálastjórn skipar einn mann í hvert gagnfræðaráð, og er hann formaður þess. Skipun hans gildir til sama tíma.

7. gr.

Skólustjórar gagnfræðastigsins eiga rétt til setu á fundum gagnfræðaráðs í sínu héraði. Hafa þeir þar málfrelsi og enn fremur tillögurétt varðandi mál þess skóla, er hver þeirra starfar við. Heimilt er að veita kennurum gagnfræðastigsins aðgang með sömu réttindum að fundum gagnfræðaráðs, þegar þeir óska þess.

8. gr.

Námsstjórar gagnfræðastigsins geta setið fundi gagnfræðaráðs með tillögurétti og málfrelsi. Þeir hafa og rétt til að kveðja gagnfræðaráð til funda.

9. gr.

Gagnfræðaráð annast skólanefndarstörf við gagnfræðaskólana, sbr. 11. gr. Þau gera tillögur til fræðslumálastjórnarinnar um stofnun gagnfræðastigsskóla hvert í sínu héraði og um lengd skólaskyldu. Þau hafa eftirlit með fjárhag og rekstri allra skóla gagnfræðastigsins í héraðinu og gæta þess, að þeir ræki þær skyldur, sem á þeim hvíla, samkvæmt lögum og reglugerðum.

Hlutverk gagnfræðaráða skal ákveðið í reglugerð, og skal fræðslumálastjórn setja þeim erindisbréf.

10. gr.

Í hverju gagnfræðahverfi er skólanefnd, sbr. þó 9. gr. Sveitarstjórnir kjósa tvo menn hlutbundinni kosningu í skólanefnd á fyrsta fundi eftir kosningar, og er kjörtímabil þeirra hið sama og sveitarstjórna.

Fræðslumálastjórn skipar einn mann í hverja skólanefnd, og er hann formaður. Skipun hans gildir sama tímabil.

Nú eru tvö sveitarfélög eða fleiri í gagnfræðahverfi, og setur fræðslumálastjórn þá reglur um fjölda skólanefndarmanna, og hve margir skulu kosnir fyrir hvert sveitarfélag, og skal í því efni hafa hliðsjón af fólksfjölda.

Þar, sem skólahverfi gagnfræðastigsins og barnafræðslunnar falla saman, má vera sama skólanefnd fyrir bæði skólastigin, ef sveitarstjórn óskar þess og fræðslumálastjórn samþykkir.

11. gr.

Skólanefndir hafa eftirlit með fræðslu gagnfræðastigsins, hver í sínu gagnfræðahverfi, undir umsjón gagnfræðaráðs og fræðslumálastjórnar. Verkefni þeirra er einkum:

- a) að sjá um, að fullnægjandi húsnæði sé fyrir hendi til lögboðins skólahalds;
- b) að láta auglýsa lausar kennara- og skólastjórastöður og leitast við, ásamt fræðslumálastjórn, að fá hæfa menn í þær;
- c) að láta fræðslumálastjórn í té rökstutt álit á umsækjendum um kennara- og skólastjórastöður ásamt tillögu um, hver skuli valinn, svo og vara og þrautavaratillögu, ef nægilega margir sækja um stöðurnar;
- d) að sjá um, að skólinn hafi fullnægjandi kennslutæki, og að þeim og öðrum munum skólans og skólahúsi sé haldið við á fullnægjandi hátt;
- e) að hafa eftirlit með skólasókn skólaskyldra unglinga í hverfinu og gera nauðsynlegar ráðstafanir, ef fræðsluskylda er vanrækt;
- f) að gera áætlun um kostnað við skólahaldið fyrir hvert reikningsár hlutaðeigandi sveitarfélags, og senda hana í tæka tíð sveitarstjórn og fræðslumálastjórn.

Verði ágreiningur milli sveitarstjórnar og skólanefndar um fjárframlög til skólahalds, sker fræðslumálastjórn úr.

Hlutverk skólanefndar skal nánar ákveðið í reglugerð og erindisbréfi, er fræðslumálastjórn setur.

III. KAFLI

Fræðsluskylda og skólaskylda.

12. gr.

Skylt er hverjum, sem lokið hefur barnaprófi, að hefja gagnfræðanám, og lýkur skyldunámi með unglingsprófi á því ári, sem nemandinn verður 15 ára.

13. gr.

Heimilt er sveitarfélagi að ákveða, að skyldunám skuli ná til þess árs, er nemandinn verður 16 ára, enda samþykki hlutaðeigandi gagnfræðaráð og fræðslumálastjórn ákvörðunina. Gagnfræðaráði er rétt að gera tillögu til fræðslumálastjórnar um, að skyldunámi sé lokið í hlutaðeigandi héraði á því ári, er nemandinn verður 16 ára. Fallist fræðslumálastjórn á slíka tillögu, tekur hún gildi.

Í þeim sveitarfélögum lýkur skyldunámi með miðskólaprófi.

14. gr.

Heimilisfaðir unglings, sem skylt er að stunda gagnfræðanám, ber ábyrgð á, að hann hljóti lögboðna fræðslu og sæki lögskipuð próf.

15. gr.

Ef unglingur kemur ekki til innritunar í skóla eða til prófs, þegar skylt er, og eigi eru gildar ástæður fyrir fjarvist, skal skólanefnd áminna forráðamann hans,

svo fljótt sem auðið er. Láti hann eigi skipast við þá áminningu, varðar það dagsektum, er nemi 5—10 kr. á dag, eftir úrskurði valdsmanns (í Reykjavík sakadómara), talið frá þeim degi, er áminningin var gerð.

Nú vanrækir skólaskyldur unglingur skólasókn til muna þrátt fyrir umvöndun skólastjóra bæði við hann og forráðamann hans, og skal þá skólanefnd áminna forráðamann unglingsins. Leggist vanrækslan eigi af að heldur, varðar hún dagsektum, er nemi 5—10 kr. á dag, eftir úrskurði valdsmanns (í Reykjavík sakadómara), fyrir hvern vanræksludag, talið frá áminningu skólanefndar.

Ef heimilið á sannanlega sök á vanrækslunni, má barnaverndarnefnd taka unglinginn burt af heimilinu og ráðstafa honum, en sannist það, að heimilið fái eigi ráðið við vanræksluna, er henni skylt að vista unglinginn utan heimilis síns.

16. gr.

Undanþegnir frá því að stunda lögboðið nám í skólum gagnfræðastigsins eru:

- a. Unglingar, sem stunda nám í viðurkenndum einkaskólum, er veita fræðslu þessa stigs.
- b. Unglingar, sem fengið hafa leyfi hlutaðeigandi skólanefndar og skólastjóra til þess að stunda nám utan skóla, en skylt er þeim að koma til viðtals eða prófs í skólanum, þegar skólastjóri óskar þess.
- c. Unglingar, sem að dómi skólalæknis og skólastjóra geta ekki haft not venjulegrar skólagöngu vegna líkamlegra eða andlegra annmarka.
- d. Unglingar, sem að dómi skólastjóra og kennara trufla starf skólans með óhlýðni og óviðeigandi framkomu, svo og þeir, sem hætt er við, að leiði aðra nemendur á glapstigu með fordæmi sínu.

17. gr.

Heimilisfeður þeirra unglunga, sem æskja undanþágu samkvæmt a- og b-liðum 16. gr., skulu senda skriflega beiðni um hana til hlutaðeigandi skólastjóra eigi síðar en mánuði áður en skóli á að hefjast ár hvert. Skólastjóri leggur beiðnirnar fyrir skólanefnd. Á sama hátt skal tilkynna flutning skólaskyldra unglunga milli gagnfræðahverfa.

18. gr.

Þeim unglingum, sem um getur í c- og d-liðum 16. gr., skal séð fyrir vist í skóla eða stofnun, sem veitir þeim uppeldi og fræðslu við þeirra hæfi.

Heimilt er fræðslumálastjórn að ákveða þessum unglingum námstíma einu eða tveimur árum lengri en öðrum unglingum.

IV. KAFLI

Skólar gagnfræðastigsins.

19. gr.

Unglingaskólar eru tveggja ára skólar, og lýkur námi í þeim með unglingaprófi. Er það landspróf að öllu eða nokkru leyti, eftir því sem ákveðið er í reglugerð. Með unglingaprófi lýkur skyldunámi í þeim sveitarfélögum, þar sem ekki er lengra skyldunám.

20. gr.

Unglingapróf veitir rétt til framhaldsnáms í miðskólum og gagnfræðaskólum.

21. gr.

Miðskólar eru þriggja ára skólar, og lýkur námi í þeim með miðskólaprófi. Er það landspróf að öllu eða einhverju leyti, eftir því sem ákveðið er í reglugerð. Með miðskólaprófi lýkur skyldunámi í þeim sveitarfélögum, þar sem skyldunám nær til 16 ára aldurs. Miðskólar veita einnig unglingapróf.

22. gr.

Miðskólapróf veitir rétt til framhaldsnáms í gagnfræðaskólum og ýmsum sérskólum. Próf bóknámsdeildar veitir auk þess rétt til inngöngu í menntaskóla og hliðstæða skóla, allt samkvæmt lögum og reglugerðum hvers skóla.

23. gr.

Gagnfræðaskólar eru fjögurra ára skólar, og lýkur námi í þeim með gagnfræðaprófi. Þeir veita einnig unglingapróf og miðskólapróf.

24. gr.

Gagnfræðapróf veitir rétt til ýmissa opinberra starfa, rétt til inngöngu í sérskóla og til þátttöku í sérfræðinámsскеiðum, eftir því sem ákveðið er í lögum og reglugerðum.

25. gr.

Allir skólar gagnfræðastigsins skulu starfa í höfuðdráttum eftir samræmdri námsskrá, þannig að fyrsti bekkur unglingaskóla svari sem næst til fyrsta bekkjar í miðskóla eða gagnfræðaskóla, annar bekkur unglingaskóla til annars bekkjar miðskóla eða gagnfræðaskóla og þriðji bekkur miðskóla til þriðja bekkjar í gagnfræðaskóla.

26. gr.

Í gagnfræðahéruðum utan kaupstaða er heimilt, að gagnfræðaskólar séu tveggja ára skólar, og starfa þeir þá samkvæmt námsskrá tveggja efstu bekkja gagnfræðaskólanna. Unglingapróf veitir rétt til inngöngu í fyrri bekk slíkra skóla, en miðskólapróf í annan bekk. Þeir veita einnig miðskólapróf.

27. gr.

Skólar gagnfræðastigsins greinast í tvær hliðstæðar deildir, verknámsdeild og bóknámsdeild, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð hvers skóla. Barnapróf veitir rétt til inngöngu í hvora þessara deilda um sig, þó með þeim takmörkunum um hæð prófseinkunna, sem settar verða í reglugerð um bóknámsdeild.

28. gr.

Í verknámsdeild skal verja allt að helmingi námstímans til verknáms. Til verknáms telst ýmiss konar handavinna, matreiðsla, þjónustubrögð, teiknun, skrift, vélritun, íþróttir o. fl. Leitast skal við að haga verknámi eftir þörfum og hæfileikum hvers nemanda. Að öðru leyti skal námstímanum varið til bóknáms og einkum lögð áhersla á íslenzku og íslenzk fræði, reikning, stærðfræði og náttúruvísindi.

29. gr.

Í bóknámsdeild skal þremur fjórðu hlutum námstímans hið minnsta varið til bóknáms, en allt að fjórða hluta til verknáms.

Megináherzla skal lögð á íslenzku, íslenzk fræði, reikning, stærðfræði og erlend tungumál, en auk þess skulu kennd önnur hagnýt og menntandi fræði, eftir því sem ákveðið er í námsskrá.

30. gr.

Skylt er kennurum gagnfræðastigsins að greiða fyrir þeim nemendum, sem vilja flytjast milli deilda, og að þeirra dómi eru til þess hæfir. Má gera þetta með sérstökum námsskeiðum eða á annan þann hátt, er bezt hentar við hvern skóla.

31. gr.

Fræðslumálastjórn semur námsskrá fyrir alla skóla gagnfræðastigsins. Er þar tekið fram, hvaða námsgreinar skulu kenndar í hverjum bekk, og hvaða atriði hverrar námsgreinar. Skal í því efni leita tillagna sérfróðra manna, svo sem skólastjóra, kennara og námsstjóra.

32. gr.

Skyldunámi má ljúka hvort sem vill í verknámsdeild eða bóknámsdeild. Fræðslumálastjórn setur reglur um efni og magn skyldunáms, um leið og námsskrá samkv. 31. gr. er samin.

V. KAFLI
Störf skólanna.

33. gr.

Skólastjóri og kennarafundur stýra starfi hvers skóla. Fræðslumálastjórn setur skólastjórum erindisbréf og reglur um starfssvið kennarafunda.

34. gr.

Skólastjóri gerir ásamt skólanefnd tillögur til fræðslumálastjórnar um val kennara. Verði skólastjóri og skólanefnd ekki á eitt sátt, ber að líta á tillögur skólastjóra sem forgangstillögur.

35. gr.

Fræðslumálastjórn ræður námsstjóra fyrir gagnfræðastigið. Þeir skulu eigi vera færri en tveir, en heimilt er að ráða fleiri.

36. gr.

Námsstjórar annast eftirlit með öllum skólum gagnfræðastigsins og gefa fræðslumálastjóra skýrslu um þá. Þeir skulu og vera skólastjórum og kennurum til aðstoðar og leiðbeiningar í starfi þeirra.

Fræðslumálastjórn setur námsstjórum erindisbréf.

37. gr.

Fræðslumálastjórn skal leita álits námsstjóra um þær umsóknir, sem berast um skólastjórastöður við skóla gagnfræðastigsins, þeir gera tillögur um val skólastjóra, svo og vara- og þrautavartillögur, ef umsækjendur eru svo margir.

Verði námsstjórar og skólanefnd eigi á eitt sátt, ber að líta á tillögur námsstjóra sem forgangstillögur.

38. gr.

Til þess að verða skipaður kennari við skóla gagnfræðastigsins, þarf eftirtalin skilyrði:

- a) að hafa almenna kennaramenntun eða stúdentsmenntun að viðbættu námi í uppeldis- og kennslufræðum, er fræðslumálastjórnin metur gilt;
- b) að hafa stundað eins til tveggja ára nám hið minnsta við háskóla í þeirri fræðigrein, sem ætlazt er til, að verði aðalkennslugrein hlutaðeiganda, enda sýni hann skilríki fyrir árangri af háskólanáminu;
- c) að hafa kennt tvö til þrjú ár og hlötið meðmæli hlutaðeigandi skólastjóra;
- d) að vera hæfur til að kenna fleiri en eina námsgrein.

Heimilt er og að gera að föstum kennurum þá, sem kennt hafa tvö ár hið minnsta með góðum árangri við skóla, sem svara til gagnfræðastigsins, þegar lög þessi taka gildi, enda komi meðmæli skólastjóra til.

Nú sækir enginn, sem fullnægir þessum skilyrðum, um lausa kennarastöðu, skal þá fræðslumálastjórn leitast við að fá til mann, er hún treystir, og má að tveim árum liðnum gera hann að föstum kennara, ef hún telur hann starfinu vaxinn, enda komi meðmæli hlutaðeigandi skólastjóra til.

Verknámskennarar, þar með taldir íþróttakennarar, þurfa þó ekki að fullnægja skilyrðum b-liðar, en verða að hafa sérmenntun í kennslugreinum sínum, er fræðslumálastjórn metur gilda.

39. gr.

Skylt er kennara að kenna allt að 30 kennslustundum á viku, en fækka má kennslustundum hans niður í 24, er hann verður 55 ára, og í 18, er hann verður 60 ára. Kennari skal starfa með nemendum utan kennslustunda í samráði við skólastjóra og vinna önnur störf í þágu skólans, eftir því sem aðstæður leyfa og ákveðið er í reglugerð og erindisbréfi. Má þá fækka skyldustundum kennara, ef þörf gerist, svo og vegna mikillar heimavinnu.

40. gr.

Heimilt er fræðslumálastjórn að flytja kennara milli skóla, ef starf hans verður óþarft við þann skóla, er hann starfar við, eða aðrar knýjandi ástæður eru fyrir hendi. Ekki má lækka laun kennara né skerða hlunnindi hans við slíka flutninga.

41. gr.

Þegar kennari hefur gegnt embætti í 10 ár, á hann rétt á ársorlofi frá kennslu með fullum launum, en síðan tíunda hvert starfsár. Orlofsárum skal hann verja til þroska og endurnýjunar kennarahæfni sinni. Fræðslumálastjórn veitir kennurum, er þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsárum skuli varið, en allir verða þeir að gefa henni fullnægjandi skýrslu um störf sín að orlofsári loknu, að viðlögðum launamissi fyrir það ár.

Fræðslumálastjórn setur nánari reglur um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt, að það trufli ekki störf skólanna eða torveldi þau.

42. gr.

Skólar gagnfræðastigsins mega starfa allt að níu mánuðum ár hvert. Að öðru leyti skal miða árlegan starfstíma hvers skóla við það, að komið verði yfir þá námsskrá, sem honum er sett, með þeim árangri, sem til er ætlað.

Skólanefnd gerir tillögur til fræðslumálastjórnar um starfstíma hlutaðeigandi skóla, en heimilt er fræðslumálastjórn að ákveða annan skólatíma en í tillögum greinir.

43. gr.

Í lok hvers skólaárs skulu fara fram próf, skrifleg, munnleg eða verkleg í öllum námsgreinum hvers skóla. Kennarar annast prófin og eru prófdómendur hver hjá öðrum, nema við landspróf og gagnfræðapróf. Heimilt er skólastjóra og kennurum að hafa próf í einstökum eða öllum námsgreinum svo oft sem þurfa þykir á skólaárinu.

44. gr.

Landspróf fara fram samtímis um land allt við sams konar skóla. Þau eru skrifleg eða verkleg. Sérstök prófnefnd, er fræðslumálastjórn setur, velur verkefni, og eru þau hin sömu fyrir sams konar próf við alla skóla. Kennarar dæma hver í sinni grein um úrlausnirnar ásamt prófnefnd eða öðrum fulltrúum fræðslumálastjórnar. Fræðslumálastjórn skipar prófdómendur við gagnfræðapróf.

45. gr.

Skólanefndir ráða starfsmenn skólanna, aðra en kennara, samkvæmt tillögum skólastjóra.

Öllu starfsliði hvers skóla ber að vinna að félagsþroska og alhliða menningu nemenda.

46. gr.

Skólar gagnfræðastigsins eru heimavistaraskólar eða heimangönguskólar, eftir því sem henta þykir á hverjum stað og fræðslumálastjórn ákveður.

47. gr.

Gagnfræðaráð getur með samþykki fræðslumálastjórnar ákveðið, að bú skuli rekið í sambandi við heimavistaraskóla gagnfræðastigsins. Skal búið rekið með hags-

muni skólans og heimavistarinnar fyrir augum, og þar sem henta þykir, skal nemendum skólans gefinn kostur á náms skeiðum í landbúnaðarvinnu á búinu. Bústjóri skal ráðinn af skólanefnd í samráði við skólastjóra.

48. gr.

Í reglugerð hvers skóla skulu sett ákvæði um inntöku nemenda í skólann, um aga, skipting námstíma milli námsgreina, um tilhögun prófa, einkunnagjafir og flutning nemenda milli bekkja, svo og um önnur þau atriði í starfi skólans, sem þurfa þykir.

VI. KAFLI

Fjármál skólanna o. fl.

49. gr.

Í hverju gagnfræðahéraði skal vera skólahús, er fullnægi þörfum gagnfræðaskólans að dómi gagnfræðaráðs og fræðslumálastjórnar.

Í hverju gagnfræðahverfi skal vera skólahúsnaði, er nægi fyrir skólaskylda unglinga í hverfinu.

50. gr.

Gagnfræðaráð hvers héraðs semur í samráði við hlutaðeigandi skólanefndir áætlun um, hvar gagnfræðastigsskólar skuli starfa í héraðinu. Náist ekki samkomulag milli gagnfræðaráðs og skólanefndar, sker fræðslumálastjórn úr ágreiningnum. Ekki verður skóli stofnaður né honum valinn staður, nema samþykki fræðslumálastjórnar komi til.

51. gr.

Hlutaðeigandi sveitarfélög skulu leggja unglinga- og miðskólum til ókeypis lóðir fyrir hús, leikvelli og ýmiss konar nauðsynleg störf, allt nægilega stórt og hentugt að dómi fræðslumálastjórnar. Þau skulu og sjá um viðhald skólahúsa og skólamuna.

52. gr.

Gagnfræðahéruð skulu leggja gagnfræðaskólunum til ókeypis lóðir fyrir hús, leikvelli og nauðsynlega starfsemi. Þau skulu og sjá um viðhald skólahúsa og skólamuna.

53. gr.

Fræðslumálastjórn lætur semja og gefa út leiðbeiningar um byggingu og fyrirkomulag skólahúsa, og skulu fylgja þeim tillögu-uppdrættir að ýmsum stærðum og gerðum skólahúsa.

54. gr.

Fræðslumálastjórn lætur gera fullnaðarteikningar að skólahúsum, þegar hlutaðeigandi skólanefnd eða gagnfræðaráð óskar þess. Aldrei má reisa skólahús né gera á því verulegar breytingar, nema samkvæmt teikningu, er fræðslumálastjórn samþykkir.

55. gr.

Ríkissjóður greiðir allt að helmingi stofnkostnaðar heimangönguskóla, en allt að þrem fjórðu kostnaðar við heimavistarskóla. Hlutaðeigandi sveitarfélög greiða hinn hluta stofnkostnaðarins. Séu tvö eða fleiri sveitarfélög eða hlutar úr sveitarfélagi í gagnfræðahverfi eða gagnfræðahéraði, skiptist stofnkostnaður milli þeirra í réttu hlutfalli við samanlagðan tekju- og eignarskatt íbúanna. Nauðsynlegur húsbúnaður og kennsluáhöld teljast til stofnkostnaðar.

Í heimavistarskólum teljast íbúðir skólastjóra, kennara, nemenda og starfsfólks til skólahúsnaðis og byggingarkostnaður þeirra til stofnkostnaðar. Bújörð ásamt nauðsynlegum húsum til búskapar telst til stofnkostnaðar, ef bú er rekið í sambandi við skóla.

56. gr.

Fastir kennarar við skóla gagnfræðastigsins eru embættismenn ríkisins og taka laun úr ríkissjóði samkvæmt launalögum. Ríkissjóður greiðir einnig styrk til stundakennslu samkv. 57. og 63. gr. Annan rekstrarkostnað skólanna greiða hlutaðeigandi sveitarfélög, en ríkissjóður endurgreiðir fjórða hluta hans að fengnum skýrslum um fullnægjandi skólahald samkvæmt settum reglum og fyrirmælum.

Séu tvö eða fleiri sveitarfélög eða hlutar úr sveitarfélögum í sama gagnfræðahverfi eða gagnfræðahéraði, skiptist rekstrarkostnaðurinn niður á sveitarfélögin í réttu hlutfalli við samanlagðan tekju- og eignarskatt íbúanna.

57. gr.

Tölu fastra kennara við skóla gagnfræðastigsins skal miða við það, að allt að 25 nemendur komi á hvern kennara, sem kennir fulla kennslu í 7 mánuði á ári. Nú er kennslutími hvers nemanda styttri en 7 mánuðir, og hækkar þá tala nemenda á kennara að sama skapi sem kennslutími er styttri.

Ríkissjóður greiðir styrk til stundakennslu hlutfallslega fyrir þá nemendur, sem umfram eru 25 á hvern kennara.

58. gr.

Skólanefndir og skólastjórar annast fjármál og reikningshald skólanna. Sveitarfélög greiða framlög sín til skólans samkvæmt fjárhagsáætlun í byrjun hvers skólaárs eða með hlutfallslegri upphæð í byrjun hvers mánaðar þann tíma, er skólinn starfar. Ef fleiri en eitt sveitarfélag á að greiða kostnað af sama skóla, skal skólanefnd jafna kostnaðinum á sveitarfélögin samkvæmt 54. gr. Ef ágreiningur verður út af skiptingu kostnaðar eða greiðslu, sker fræðslumálastjórn úr.

Reikningar skólanna skulu endurskoðaðir á sama hátt og reikningar hlutaðeigandi sveitarfélaga eða sýslufélaga, og sendir skulu þeir fræðslumálaskrifstofunni.

59. gr.

Fræðslumálastjórn skal reikna út árlega meðalkostnað við rekstur gagnfræðaskóla miðað við íbúa í héraðinu.

Nú fer kostnaður gagnfræðahéraðs 15% eða meira fram úr meðalkostnaði, miðað við landið í heild, og rekja má það til þess, að í héraðinu starfi fjórðungsgagnfræðaskóli kvenna eða annar gagnfræðaskóli, sem ætlazt er til, að sé sóttur úr fleiri héraðum, að dómi fræðslumálastjórnar, skal þá endurgreiða úr ríkissjóði þann kostnað, sem fram yfir er meðalkostnað.

VII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

60. gr.

Skólar gagnfræðastigsins skulu vera sérstakir skólar og starfa í eigin húsnæði, þar sem því verður við komið. Þó getur fræðslumálastjórn ákveðið, að fengnum tillögum gagnfræðaráðs héraðsins og hlutaðeigandi skólanefnda, að unglingskóli starfi í sambandi við barnaskóla, ef húsakostur og staðhættir gera það hagkvæmt. Þegar svo stendur á, má fela skólastjóra barnaskólans að hafa einnig forstöðu unglingskólans.

61. gr.

Nú eru að jafnaði færri en 10 börn á ári, sem ljúka barnaprófi í einhverju sveitarfélagi, og er þá rétt að sameina það öðrum í eitt gagnfræðahverfi.

Þar, sem staðhættir gera sameiningu við önnur sveitarfélög erfiða, má skyldunám unglinga eftir barnapróf fara fram í sambandi við barnaskóla sveitarinnar á þann hátt, sem fræðslumálastjórn ákveður.

62. gr.

Nú eru að jafnaði 20 börn eða fleiri á ári, sem barnaprófi ljúka í einu sveitarfélagi, og er þá rétt, að þar starfi unglingaskóli eða miðskóli. Sameina má þó tvö slík sveitarfélög í eitt gagnfræðahverfi. Einnig má sameina þeim önnur fámennari sveitarfélög.

63. gr.

Eigi skal starfrækja miðskóla né gagnfræðaskóla með færri nemendum en svo, að 15 nemendur séu í ársdeild að jafnaði. Þó getur fræðslumálastjórn veitt styrk til þess að halda uppi kennslu í námsgreinum þessara skóla, þar sem þeir eru ekki starfræktir, ef ástæða þykir til. Kennslan fari að jafnaði fram í sambandi við unglingaskóla. Styrkur sé miðaður við þann hluta af fullum kennaralaunum, sem næst sé hlutfallinu milli námstíma og nemendafjölda á þeim stað annars vegar móti fullu starfi kennara hins vegar.

64. gr.

Ef skólaskyldur unglingur óskar þess að flytjast í annan skóla, skulu forráðamenn unglingsins tilkynna það hlutaðeigandi skólastjóra. Skólastjóri sendir síðan skýrslu um unglinginn til þess skóla, er hann á að flytjast í, ásamt vitnisburði um fyrri skólavist.

65. gr.

Skólar gagnfræðastigsins eru sameign ríkisins og hlutaðeigandi sveitarfélaga. Nú leggst skóli niður, samkvæmt tillögum gagnfræðaráðs og að fengnu samþykki fræðslumálastjórnar, og skulu þá skuldlausar eignir hans skiptast milli aðila í sama hlutfalli og stofnkostnaður var greiddur.

66. gr.

Skólar þeir, sem svara til skóla gagnfræðastigsins, er lög þessi taka gildi, falla undir ákvæði þeirra, ef forráðamenn skólanna óska þess, enda taki ríkið og hlutaðeigandi sveitarfélög við eignum þeirra, réttindum og kvöðum án endurgjalds. Hlutdeild ríkisins og sveitarfélaganna í eignum þessara skóla skal vera í sama hlutfalli og framlög stofnkostnaðar, samkvæmt lögum þessum.

67. gr.

Almennir kvennaskólar svo og fjórðungs-húsmæðraskólar falla undir ákvæði þessara laga, ef hlutaðeigandi gagnfræðaráð mælir með því og fræðslumálastjórn samþykkir. Fræðslumálastjórn getur sett sérstakar reglur um skipan skólanefnda við þessa skóla.

68. gr.

Heimilt er fræðslumálastjórn að löggilda skóla, sem kostaðir eru af fé einstakra manna eða stofnana, til þess að veita fræðslu gagnfræðastigsins, ef þeir starfa samkvæmt reglugerð, er hún samþykkir, enda hlíti þeir sama eftirliti og aðrir skólar stigsins.

69. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi númin lög nr. 33 12. febr. 1940, l. nr. 36 26. okt. 1917, l. nr. 59 19. júní 1933, l. nr. 48 19. maí 1930, l. nr. 125 9. des. 1941, l. nr. 5 1. febr. 1936 svo og önnur ákvæði, sem koma í bág við þau.

Ákvæði eldri laga og reglugerða um námsefni og námstilhögun skulu þó taka til nemenda, er byrjað hafa nám í skólum, sem svara til gagnfræðastigsins, þegar lög þessi taka gildi.

70. gr.

Lög þessi taka gildi 1. jan. 1946 og skulu vera komin til fullra framkvæmda, eigi síðar en 1950.

Greinargerð.

Frv. þetta er samið af millipinganefnd í skólamálu, sem var skipuð af þáverandi menntamálaráðherra 30. júní 1943 „til þess að rannsaka kennslu- og uppeldismál þjóðarinnar og gera tillögur um skipun þeirra“. Meiri hl. menntamálanefndar, þeir SigfS, BG og GTh, flytur frv. að beiðni hæstv. menntamálaráðherra. Einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afstöðu til frv.

Frá millipinganefnd í skólamálu fylgdi frv. greinargerð sú, sem hér fer á eftir. Enn fremur hefur menntamálanefnd borizt fundargerð frá fundi skólustjóra héraðs- og gagnfræðaskóla, sem haldinn var í Reykjavík dagana 11.—13. júní 1945, þar sem gerðar voru ýmsar samþykktir varðandi frv. þetta, svo og álit millipinganefndar í skólamálu varðandi samþykktir fundarins. Fundargerðin ásamt áliði millipinganefndarinnar birtast hér sem fylgiskjöl.

Með frv. þessu er gerð tilraun til þess að samræma almenna framhaldsfræðslu unglunga og skipa þeim skólum, er hana veita, ákveðinn stað í skólakerfi landsins. Virðist kominn tími til, að þetta sé gert, enda uppi mjög almennar kröfur í þá átt.

Það er ekki langt síðan hið opinbera fór að skipta sér nokkuð að ráði af fræðslu unglunga eftir fermingaraldur. Lengi vel var Latínuskólinn eini skólinn í landinu, en hann var eingöngu fyrir embættismannaefni. Um seinustu aldamót voru komnir einir þrír skólar, sem almenna fræðslu veittu, Möðruvallaskólinn, Kvennaskólinn í Reykjavík og Flensborgarskólinn. Hinn fyrsti var stofnaður og rekinn fyrir almannaefni, en hinir síðari einkastofnanir, er nutu að vísu ríkisstyrks, þegar fram liðu stundir.

Möðruvallaskólinn var fluttur til Akureyrar árið 1902. Hann var og gagnfræðaskóli fyrir Norðurland, þar til er hann var gerður að menntaskóla. Gagnfræðadeild var stofnsett við Latínuskólann í Reykjavík og honum breytt í „almennan menntaskóla“ árið 1904. En reyndin varð sú, að hann varð þrátt fyrir þetta að mestu leyti undirbúningsskóli fyrir embættismannaefni. Flestir þeir, sem í gagnfræðadeildina fóru, héldu áfram til stúdentsprófs.

Á fyrsta fjórðungi þessarar aldar voru víða gerðar tilraunir með stofnun unglingskóla, er stundum voru einnig nefndir lýðskólar eða alþýðuskólar. Einstakir, áhugasamir skólamenn komu flestum þeim skólum á fót, en afskipti stjórnarvaldanna komu lítið til. Þó fengu þeir oftast einhvern lítilljörlegan styrk af almannaefni. Víða störfuðu þessir skólar aðeins nokkur ár í senn. Lífseigastir urðu skólarnir að Núpi í Dýrafirði og Hvitárþakka í Borgarfirði. Alþýðuskólinn á Eiðum er frá þessum tíma. Hann reis upp úr búnaðarskóla, er þar hafði verið um hrið. Nokkrir unglingskólar í þorpum munu hafa starfað óslitið frá þessum tíma.

Engin tilraun var gerð af hálfu löggjafarvaldsins til þess að samræma þessa skóla eða skipa þeim stað í skólakerfi landsins fyrr en sett voru lög in um héraðs-skóla árið 1929 og um gagnfræðaskóla árið 1930. Setning þessara laga var mikil framför frá því, sem áður var. Þar var leitast við að búa til tvenns konar skólaform, og átti annað að fullnægja þörfum sveitanna, en hitt kaupstaðanna. Var þar stefnt í rétta átt, þó að skilyrði hafi víða brostið til þess að gera námið eins fjölbreytt og hagnýtt og löggjafinn ætlaðist til. Það var aftur á móti galli og mjög bagalegt fyrir nemendur, einkum utan stærstu kaupstaðanna, að þessum skólum var ekki ætlað ákveðið svið í skólakerfinu, og varð því ekki eðlilegt samband milli þeirra og æðri skóla eða sérskóla.

Engan skyldi því undra, þótt nú þurfi að endurskoða löggjöfina um þetta stig fræðslukerfisins. Á þessum 15 árum hafa breytingar orðið mjög örar, og mörg ný viðhorf hafa komið fram. Það, sem þá var allmikil úrbót, getur nú verið orðið allsendis ófullnægjandi. Alþingi hefur einnig óskað þess, að endurskoðun löggjafar um þetta stig skólakerfisins yrði hraðað sem mest.

Fyrir því hefur skólamálanefndin lagt kapp á að ganga frá tillögum sínum um

það og leggja þær fram í frumvarpsformi. Hefur hún talið rétt að haga tillögum sínum svo, að byggt yrði á því, sem þegar er til. En að öðru leyti eru aðalsjónarmið nefndarinnar þau, að skólar gagnfræðastigsins verði eðlilegur liður í skólakerfi landsins, en verði þó svo sjálfstæðir um form og námsefni, að nægileg fjölbreytni fái og árangur geti orðið hagnýtur nemendum við allbreytilegar aðstæður. Stöðu þessara skóla í kerfinu er nokkru nánar lýst í greinargerð við frv. það, sem nefndin hefur samið um skólakerfi og fræðsluskyldu, og vísast til þess.

Nú skal leitast við að sýna fram á, hvaða breytingum þessar tillögur mundu valda um fjölda nemenda o. fl., er þær væru komnar í framkvæmd. Allar upplýsingar um skóla og nemendafjölda, er hér fara á eftir, eru miðaðar við árið 1942.

Í landinu eru nú 8 gagnfræðaskólar, er starfa samkvæmt lögum nr. 48 19. maí 1930. Enn fremur veita gagnfræðadeildir menntaskólanna beggja svipaða fræðslu, svo og gagnfræðaskóli Reykvíkinga og kvennaskólinn í Reykjavík. Þannig má telja 12 skóla, sem veita gagnfræðamenntun.

Samkvæmt lögum um héraðsskóla, nr. 33 14. febr. 1940, starfa nú 6 skólar, en stofnun tveggja til viðbótar er í undirbúningi. Til þessa skólaflokks má og telja Eiðaskólann, sem starfar eftir sérstökum lögum, en veitir svipaða fræðslu (lög nr. 36 26. okt. 1917).

Unglingaskólar, sem ríkisstyrks njóta, eru starfandi á 27 stöðum.

Af öðrum skólum, sem ríkisstyrks njóta og nemendur hafa á þeim aldri, er gagnfræðastigið á að taka yfir, má nefna:

Verzlunarskóla 2 í Reykjavík.

Iðnskóla 13 alls á landinu.

Námsflokka á 6 stöðum.

Alþýðuskólann í Reykjavík og kvöldskóla á nokkrum fleiri stöðum.

Undanfarið hafa yfir 2000 börn á ári hverju lokið fullnaðarprófi barnafræðslunnar. Árið 1942 voru þau 2339. Ekki er líklegt, að þessi tala hækki á næstu árum, því að barnsfæðingum hefur undanfarið heldur fækkað.

Nú er gert ráð fyrir, að barnaprófsaldur lækki um eitt ár og skyldunámsaldur hækki um eitt ár. Við þetta færast einn árgangur af barnafræðslustigi yfir á gagnfræðastig, og enn fremur verður að sjá fyrir skyldufræðslu handa einum árgangi umfram það, sem nú er, um land allt.

Þetta virðist vera viðbót, sem nemur yfir 2000 nemendum þegar á fyrsta ári. Svo verður þó ekki í framkvæmd. Alls staðar, þar sem skilyrði hafa verið fyrir hendi, hafa margir unglingar sótt einhvers konar framhaldsskóla hin seinustu ár. Í sumum kaupstöðum, þar sem komin eru viðunandi húsnæði fyrir gagnfræðaskóla, fá nú þegar 80—90% af fullnaðarprófsbörnum eitthvert framhaldsnám, þótt engin skylda sé. Má því segja, að lenging skyldunámsins um eitt ár sé aðeins staðfesting á því, sem frjáls þróun hefur bent til. Nefndin gerir ráð fyrir því, að þessi þróun muni halda áfram hér eins og í öðrum menningarlöndum. Alls staðar virðist stefnt í þá átt að auka almenna menntun. Heimildin um hækkun skyldunámsaldurs um eitt ár, þar sem þess væri óskað, á að gefa þessari þróun rúm.

Sumum kann að virðast einkennilegt að færa barnaprófsaldur niður um eitt ár. Fyrir þessu eru þó sterk rök. Uppeldisfræðingar og sálfræðingar telja eðlilegri skil milli þroska barns og unglings við 13 ára aldur heldur en um 14 ára. Sumir vilja jafnvel setja skilin einu ári neðar. Erlend reynsla bendir og til hins sama, því að víða lýkur hinu eiginlega barnaskólanámi á 12. aldursári nemandans, en við tekur nám, er samsvarar gagnfræðanámi hjá oss.

Tveir fyrstu árgangar nemenda á gagnfræðastiginu mundu samkvæmt framan-sögðu verða um 4500. Þeim þarf skilyrðislaust að sjá fyrir fræðslu, þar sem um skyldunám er að ræða. Tveir síðari árgangarnir mundu verða miklu fámennari fyrst um sinn. Margir mundu hætta að loknu skyldunámi eftir 2 ár eða við miðskólapróf eftir 3 ár. Þá mundu og nokkrir flytjast í aðra skóla. Virðist ekki óvarlegt að áætla

tvo síðari áragangana samtals 2500—3000 nemendur. Yrði þá tala nemenda á þessu skólastigi alls 7000—7500 árlega, þegar lögin væri komin til fullrar framkvæmdar.

Til þess að finna þá aukningu, sem um er að ræða, þarf að draga hér frá tölu þeirra, sem nú stunda svipað nám og eru á þessu aldurskeiði. Þeir eru sem næst því, er hér greinir:

Í barnaskólum, einn árgangur	um 2300
Í gagnfræðaskólum og gagnfræðadeildum menntaskólanna	um 1300
Í héraðsskólum og alþýðuskólanum á Eiðum	um 500
Í unglingskólum	um 450
Í námsflokkum, iðnskólum, verzlunarskólum og öðrum sérskólum	um 150

Samtals um 4700

Heildaraukning verður þannig fast að 3000 nemendum og þó varla svo mikil fyrr en eftir nokkur ár.

Ef þessi áætlun er lögð til grundvallar, mun þurfa um 120 kennara og skólahúsrúm, sem nemur allt að 100 kennslustofum til viðbótar því, sem nú er. Þetta kemur vitanlega ekki allt í einu. Lögin yrðu fjögur ár að komast til framkvæmda, þótt engar tafir yrðu. Fyrst mundi verða að leggja áherzlu á, að fullnægja skyldunámskvöðinni. Það yrði nokkuð víða gert á þann hátt að lengja barnaskólann á staðnum um eitt ár, og mundi það sums staðar ekki kosta neina viðbót á húsum en nokkra viðbót kennslukrafta. Víða er þó mjög brýn þörf á meira og betra skólahúsnæði. Jafnóðum og skólahús væru reist, mundi gagnfræðanámið víða verða skilið frá barnaskólanum. Nefndin lítur svo á, að það sé miklu æskilegra og vænlegra til góðs árangurs. Telur hún því, að allir kaupstaðir og enda fjölmenn kauptún líka eigi sem allra fyrst að koma upp sérstökum gagnfræðaskólum. Það kostar að visu mikið átak að koma upp þeim skólum, sem þarf að bæta við. En þó telur nefndin enga ofætlun að ljúka því verki á 4—6 árum.

Nú skal leitast við að sýna fram á, hvernig kerfið mundi vaxa upp eftir hér- uðum og hverjar viðbætur og nýbyggingar þurfi að koma til, svo að húsakostur verði nægilegur.

A. Kaupstaðir.

1. Reykjavík. Fullnaðarprófsbörn hafa undanfarið verið rúmlega 600 árlega hin síðustu ár. Af þeim hafa haldið beint áfram námi: í Gagnfræðaskólanum í Reykjavík ca. 140, Gagnfræðaskóla Reykvíkinga ca. 50, gagnfræðadeild Menntaskólans 25, Kvennaskólanum 25—50, Verzlunarskóla Íslands 50, eða alls um helmingur. Við alla þessa skóla hefur orðið að vísa fjölda nemenda frá árlega. Hafa þeir annaðhvort orðið að vera án frekara náms eða aðstandendur hafa neyðzt til að kaupa þeim dýra einkakennslu. Allmargir nemendur hafa og sótt kvöldskóla og námsflokka. Hér má gera ráð fyrir, að tveir fyrstu árgangarnir verði að mestu leyti heilir. Undanþágur frá skólaskyldu verða að visu einhverjar, en ekki svo, að hárrí tölu nemi. Í 3. og 4. bekk verða afföll meiri. Má því með nokkrum líkum áætla, að skólar gagnfræðastigsins í Reykjavík þurfi að rúma nemendur, sem hér segir:

Nemendur á 1. námsári	ca. 600
— 2. —	— 550
— 3. —	— 400
— 4. —	— 250

Samtals ca. 1800 nemendur.

Í Reykjavík eru engin hús til fyrir skóla þessa stigs, nema Kvennaskólinn, sem rúmar um 150 nemendur. Gagnfræðadeild Menntaskólans hverfur og væntanlega samsvarandi bekkir Verzlunarskólans. Munu báðir

skólarnir hafa fulla þörf fyrir sín hús fyrir því, og Menntaskólinn þarf áreiðanlega mikið viðbótarhúsnæði, er fram líða stundir. Hér eru því engin úrræði önnur en þau að reisa 3—4 skólahús, eftir því hversu stórir skólarnir ættu að vera (400—500 nemendur hver), og auka við Kvennaskólann, svo að hann gæti rúmað 200—300 nemendur. Gagnfræðaskólarnir báðir hafa mjög ófullkomið húsnæði. Eitthvað mætti að vísu nota það, meðan ný hús væru í smíðum, en strax á næstu árum verður að bæta mjög verulega úr.

2. **Akranes.** Fullnaðarprófsbörn árlega rúm 40. Gagnfræðaskóli er þar þegar starfandi. Skólahús er ekki til, en kennsla fer fram í 2 stofum í húsi, sem ætlað er fyrir annað. Hús barnaskólans er orðið of lítið, en mundi nægja fyrir gagnfræðaskóla, ef nýtt barnaskólahús yrði reist.
3. **Ísafjörður.** Fullnaðarprófsbörn árlega rúm 60. Gagnfræðaskóli er þar starfandi. Skólahús nýlega reist og mun geta fullnægt enn um sinn.
4. **Siglufjörður.** Fullnaðarprófsbörn árlega um 60. Gagnfræðaskóli er þar starfandi. Húsnæði ekki fullnægjandi, og mun innan nokkurra ára þurfa að reisa nýtt skólahús. Mikill áhugi er á staðnum fyrir því, að húsnæði verði reist yfir gagnfræðaskólann.
5. **Akureyri.** Fullnaðarprófsbörn árlega 80—90. Gagnfræðaskóli hefur starfað þar, og auk þess hefur verið gagnfræðadeild við menntaskólann. Stórt skólahús er í þann veginn að verða fullgert, og mun það geta fullnægt þörfum um alllangt skeið, enda þótt til Akureyrar sækji jafnan margt námsmanna úr öðrum sveitum norðanlands.
6. **Seyðisfjörður.** Fullnaðarprófsbörn árlega um 20. Gagnfræðaskóli hefur ekki verið stofnaður þar enn. Unglingaskóli hefur verið í sambandi við barnaskólann. Líklegt er, að þar verði 3 ára miðskóli eða ef til vill fullkominn 4 ára gagnfræðaskóli með tímanum. Skólahús vantar, en fyrir dyrum standa breytingar og endurbætur á gamla barnaskólanum, og þarf að hugsa fyrir húsnæði fyrir gagnfræðakennsluna í sambandi við þær breytingar.
7. **Neskaupstaður.** Fullnaðarprófsbörn árlega um 20. Gagnfræðaskóli er þar starfandi, þó venjulega aðeins 2 vetra skóli. Þar mun verða starfræktur 3—4 vetra skóli. Húsrúm er nokkurt til, en mun bráðlega þurfa viðbót.
8. **Vestmannaeyjar.** Fullnaðarprófsbörn árlega 70—80. Gagnfræðaskóli hefur verið starfandi. Húsnæði er ófullnægjandi, og þarf að reisa skólahús mjög bráðlega.
9. **Hafnarfjörður.** Fullnaðarprófsbörn árlega um 80. Gagnfræðaskóli starfandi. Nýlegt skólahús, og mun geta fullnægt enn um sinn.

B. Sýslur.

1. **Gullbringusýsla.** Fullnaðarprófsbörn voru 1942 voru 75, þar af í Keflavík 24. Í Keflavík mun mjög bráðlega koma upp gagnfræðaskóli fyrir suðurhluta sýslunnar. Unglingafræðsla í öðrum kaupþúnum. Tveir innstu hreppar sýslunnar eiga eðlilega sókn til Hafnarfjarðar.
2. **Kjósarsýsla.** Fullnaðarprófsbörn 1942 samtals 31. Ekki er líklegt, að þar komi upp héraðsgagnfræðaskóli, enda eðlileg sókn til Reykjavíkur, Hafnarfjarðar eða Akraness. Unglingafræðsla yrði a. m. k. sums staðar í sambandi við barnaskóla. Líklegt er, að Gullbringu- og Kjósarsýsla verði sameinaðar í eitt gagnfræðahérað.
3. **Borgarfjarðarsýsla.** Fullnaðarprófsbörn 27.
4. **Mýrasýsla.** Fullnaðarprófsbörn 34.
5. **Snæfellsnessýsla.** Fullnaðarprófsbörn 100. Líklegt er, að þessar 3 sýslur verði fyrst um sinn sameinaðar í eitt gagnfræðahérað. Héraðsgagnfræðaskóli í Reykholti mundi nægja að mestu fyrst um sinn. Unglingaskólar mundu verða í kaupþúnum á Snæfellsnesi. Síðar kæmi ef til vill gagnfræðaskóli á Snæfellsnesi, og mundi sú sýsla þá verða sérstakt hérað, en Reykholtsskólinn

verða aðeins fyrir Borgarfjarðar- og Mýrasýslu. Borgfirzkar konur hafa og mikinn áhuga á því, að upp komi nokkurs konar héraðskvennaskóli þar í héraðinu.

6. Dalasýsla. Fullnaðarprófsbörn 34.
7. Austur-Barðastrandarsýsla. Fullnaðarprófsbörn 23.
8. Vestur-Barðastrandarsýsla. Fullnaðarprófsbörn 39.

Líklegt er, að þessar 3 sýslur verði fyrst um sinn sameinaðar í eitt gagnfræðahérað. Sennilegt setur fyrir héraðsgagnfræðaskóla að Reykhólum í A.-Barðastrandarsýslu. Á þessu svæði er eitt þorp í örum vexti. Það er Patreksfjörður. Þar gæti mjög bráðlega komið upp miðskóli og jafnvel gagnfræðaskóli. Þá mundi Vestur-Barðastrandarsýsla skiptast úr, en hinar tvær verða saman um skóla. Skólahús vantar.

9. Vestur-Ísafjarðarsýsla. Fullnaðarprófsbörn 54. Skólinn að Núpi í Dýrafirði mun geta fullnægt um sinn, ef kaupútin í sýslunni sjá um unglingsfræðslu sjálf, sem líklegt er.
10. Norður-Ísafjarðarsýsla. Fullnaðarprófsbörn 53. Skólinn á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp verður héraðsgagnfræðaskóli fyrir þessa sýslu, og sennilegt er, að norðurhreppar Strandasýslu verði sameinaðir þessu héraði. Barnaskólar í þorpunum munu sjá um unglingsfræðslu.
11. Strandasýsla. Fullnaðarprófsbörn 42. Ekki er líklegt, að þar komi upp héraðsgagnfræðaskóli bráðlega. Sennilega munu norðurhreppar sýslunnar sækja til Reykjanes, eins og áður segir, en suðurhrepparnir að Reykjum í Hrútafirði.
12. Vestur-Húnavatnssýsla. Fullnaðarprófsbörn 26.
13. Austur-Húnavatnssýsla. Fullnaðarprófsbörn 34. •

Þessar tvær sýslur sameinast um skólann að Reykjum í Hrútafirði, og mun hann geta fullnægt enn um sinn.

14. Skagafjarðarsýsla. Fullnaðarprófsbörn 86. Skólasetur er ákveðið í Varmahlíð og nokkur undirbúningur hafinn. Skólahús vantar. Sauðárkrókur er vaxandi kaupútin, og er ekki ósennilegt, að þar komi sérstakur miðskóli.
15. Eyjafjarðarsýsla. Fullnaðarprófsbörn 100. Þar er varla aðstaða til, að einn skóli verði fyrir allt héraðið. Úr sumum hlutum sýslunnar er mjög auðveld sókn til Akureyrar. Aðrir hlutar, Grímsey, Hrisey og Ólafsfjörður, eiga erfitt um samgöngur. Á Dalvík eru líkindi til, að upp komi skóli. Sá skóli gæti komið að notum fyrir nálega helming héraðsbúa.
16. Suður-Þingeyjarsýsla. Fullnaðarprófsbörn 84. Þar af 20 á Húsavík.
17. Norður-Þingeyjarsýsla. Fullnaðarprófsbörn 36.

Þessar tvær sýslur mundu verða í félagi um héraðsgagnfræðaskóla á Laugum, og mun þar ekki þurfa verulegra viðbóta við. Einnig má telja líklegt, að innan ekki mjög langs tíma risi upp gagnfræðaskóli á Húsavík. Þar þarf hvort sem er að reisa nýtt barnaskólahús mjög bráðlega, og mundi þá gamla húsið nægja fyrir gagnfræðaskólann.

18. Norður-Múlasýsla. Fullnaðarprófsbörn 65.
19. Suður-Múlasýsla. Fullnaðarprófsbörn 96.

Sennilegt er, að þessar tvær sýslur mundu verða sameinaðar í eitt gagnfræðahérað með skólasetri á Eiðum. Þar mun enn þurfa viðbótarhúsrými, til þess að skólinn fullnægi þörfum þessara sýslna. Þó má taka tillit til þess, að nokkrir nemendur eiga auðveldu sókn til Seyðisfjarðar og Neskaupstaðar, og að miðskólar gætu risið upp í sumum kaupútinum, þar sem mannflest er.

20. Austur-Skaftafellssýsla. Fullnaðarprófsbörn 20. Unglingaskóli mun koma í Höfn í Hornafirði.
21. Vestur-Skaftafellssýsla. Fullnaðarprófsbörn 38.
22. Rangárvallasýsla. Fullnaðarprófsbörn 70.

Líklegt er, að fyrst um sinn yrðu þessar tvær sýslur um einn héraðsgagn-

fræðaskóla. Hefur honum verið ætlaður staður í Skógum á mörkum Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslna.

23. **Árnessýsla.** Fullnaðarprófsbörn 109. Skólasetur á Laugarvatni, og mun húsnæði, sem þar er, fullnægja um sinn. Ekki er ólíklegt, að gagnfræðaskóli, eða a. m. k. miðskóli, komi síðar upp í einhverju þorpinu í neðri hluta sýslunnar, t. d. á Selfossi.

Samkvæmt þessu mundu gagnfræðahéruð fyrst um sinn verða 21, þ. e. 9 í kaupstöðum og 12 í sýslum. Í fjórum af kaupstöðunum þarf ekki húsrúm til viðbótar í bráð. Í hinum fimm vantar hús að nokkru eða mestöllu leyti. Í sveitahéruðunum falla héraðsskólarnir sex, sem nú eru, inn í kerfið og auk þess alþýðuskólinn á Eiðum. Tveir héraðsskólar eru og ráðgerðir í lögum, en eru ekki komnir á stofn. Þannig eru fimm sveitahéruð, sem alveg vantar skólahús fyrir gagnfræðastigið, og í hinum sjö þarf víða nokkrar viðbætur. Samkvæmt lauslegri áætlun nefndarinnar hér að framan vantar skólahúsrúm fyrir um 3000 nemendur, eða sem svarar 100 kennslustofur ásamt öðrum útbúnaði. Með því verði, sem nú er, má gera ráð fyrir, að þetta kosti ekki minna en 15 millj. kr. Eftir þeim hlutföllum um greiðslu stofnkostnaðar, sem nefndin stingur upp á, mundu af þessu koma í hlut ríkissjóðs um 9 millj. kr., en í hlut viðkomandi héraða um 6 millj. kr.

Héraðsskólar þeir, sem nú eru, eru sjálfseignarstofnanir. Um leið og þeir falla inn í hið nýja kerfi, þarf að semja við umráðamenn þeirra, og má vonast eftir því, að það verði auðsótt, þar sem ríkið hefur lagt fram $\frac{3}{4}$ af stofnkostnaði þeirra. Eiðaskólinn er að öllu rekinn af ríkinu samkvæmt samningi við Múlasýslur um afhendingu Eiðaeigna til ríkisins. Þar munu einnig þurfa að koma nýir samningar til.

Um einstakar greinir frv. er þessa helzt að geta:

Um 1. gr.

Stefnt er að því með þessu frumvarpi, að allir skólar, sem kostaðir eru eða styrktir af almanna fé, geti myndað samfellt skólakerfi og sérhvert próf veiti ákveðin réttindi, annaðhvort til framhaldsnáms eða starfs.

Barnapróf veitir rétt til að hefja nám á gagnfræðastiginu, en próf gagnfræðastigsins veita rétt til að hefja nám í sérskólum, svo sem búnaðarskólum, sjómanna-skólum, iðnskólum, verzlunarskólum o. s. frv., enn fremur í menntaskólum.

Lengstu skólar gagnfræðastigsins eru fjögurra ára skólar, og ljúka þeir, sem halda þar áfram að barnaprófi loknu, gagnfræðanámi á því ári, er þeir verða 17 ára. Ekki er þó ósennilegt, að ýmsir hverfi frá námi um hríð að skyldunámi loknu, en hefji síðar nám í efstu bekkjum gagnfræðaskólanna, og má því ætla, að allmargt nemenda verði eldra en 17 ára, er þeir ljúka gagnfræðaprófi.

Um 2. gr.

Að sjálfsögðu eru meginverkefni skóla gagnfræðastigsins, að efla alhliða þroska nemendanna. Að þessu marki á fræðslan að miða, að ógleyndu því, að ákveðin þekking sé skilyrði þess, að nemandi verði fær um að njóta þeirra réttinda, sem prófið veitir. Skólarnir mega hvorugt vanrækja, uppeldisskylduna né fræðluskylduna, enda verður annað naumast vanrækt, án þess að hitt bíði tjón. Eins og áður er tekið fram, veita próf þessa stigs rétt til náms í sérskólum og menntaskólum, og þarf það atriði ekki frekar skýringa við. Þá er og ráðgert, að það veiti rétt til sérfræðináms-skeiða, en líklegt þykir, að komið verði upp lengri eða skemmri námsskeiðum í ýmiss konar verklegum fræðum á líkan hátt og gert hefur verið í vélstjóra- og stýrimannafræði, og þykir ekki ráðlegt, að krafizt verði öllu minni almennrar menntunar af þeim, er slík námsskeið sækja, en svarar til þess, er veitt er í fjögurra ára gagnfræðaskólum.

Gert er ráð fyrir, að sá háttur verði upp tekinn að krefjast gagnfræðaprófs af þeim, sem gegna opinberum trúnaðarstörfum, þótt ekki krefjist þau sérmenntunar.

Sem dæmi má nefna skrifstofustörf hjá opinberum stofnunum, lögregluþjónsstörf, bifreiðastjórastörf á áætlunarbifreiðum o. fl.

Um 3. gr.

þarf ekki skýringar.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir, að landið skiptist í gagnfræðahéruð eftir þeirri meginreglu, að einn gagnfræðaskóli (fjögurra ára skóli eða tveggja ára skóli, er svari til tveggja efstu bekkja fjögurra ára skólans) sé í hverju héraði. Er þetta reist á þeim rökum, að rétt sé, að íbúar þeirra héraða, sem einkum eiga að njóta hvers skóla, beri af honum nokkurn kostnað og ráði mestu um stjórn hans, en til þess er héraðaskiptingin nauðsynleg. Eðlilegast virðist, og að ýmsu leyti hagkvæmast í framkvæmd, að landið skiptist í gagnfræðahéruð eftir lögsagnarumdæmum, kaupstöðum eða sýslum, en augljóst er, að gagnfræðaskólar verða ekki stofnaðir fyrst um sinn í öllum lögsagnarumdæmum, og þykir því rétt að heimila sameiningu tveggja eða fleiri lögsagnarumdæma í eitt gagnfræðahérað, þegar fræðslumálastjóri, að fengnu álitum hlut-
aðeigandi sýslunefnda eða bæjarstjórna, telur það henta.

Um 5. gr.

Hver skóli gagnfræðastigsins, sem veitir skyldufræðslu, nær að sjálfsögðu til ákveðins takmarkaðs héraðs, og er ætlað til, að íbúar þess kosti skólann að nokkru og stjórn honum að mestu. Slík héruð eru hér nefnd gagnfræðahverfi, og ætlað er til, að þau verði því nær eins mörg og skólar þeir, sem veita skyldufræðslu gagnfræðastigsins. Þó verður að gera ráð fyrir skólum, er veiti þessa fræðslu án þess, að ákveðin gagnfræðahverfi eigi þangað skólasókn. Þannig mundi þetta t. d. verða, ef Kvennaskólinn í Reykjavík starfar í framtíðinni samkvæmt lögum sem fullkominn gagnfræðaskóli; að sjálfsögðu yrði skólasókn þangað ekki miðuð við eitt af gagnfræðahverfum Reykjavíkur öðru fremur, og ekki heldur við Reykjavíkurhérað eitt.

Um 6. gr.

Naumast er hægt að henda á aðra aðila en sýslunefndir og bæjarstjórnir til að kjósa yfirstjórn gagnfræðastigsskólanna í héraðinu, og þykir þá rétt, að kjörtímabil þeirra sé hið sama. Nauðsynlegt er, að fræðslumálastjórnin eigi fulltrúa innan gagnfræðaráðanna, og er þá eðlilegast, að hann sé um leið formaður. Flest gagnfræðaráð mundu samkvæmt þessu verða skipuð fimm mönnum, og naumast mundi nokkurt þeirra verða skipað fleiri en 7. Virðist því í hóf stillt.

Um 7. gr.

þarf ekki skýringa við.

Um 8. gr.

Námsstjórar hafa á hendi eftirlit með skólastarfsemi fyrir hönd fræðslumálastjórnarinnar. (Sbr. 35., 36. og 37. gr.) Það er því sjálfsagt að veita þeim rétt til að sitja fundi gagnfræðaráðanna, svo að þeir geti komið þar á framfæri leiðbeiningum og athugasemdum varðandi skólastarfið, og virðist sanngjarnt og jafnvel nauðsynlegt, að þeir geti kvatt ráðin til fundar, er þeim þykir henta.

Um 9. gr.

Hlutverk gagnfræðaráðanna er tvíþætt, annars vegar að annast skólanefndarstörf við gagnfræðaskólana (fjögurra ára gagnfræðaskóla eða tveggja ára skóla, er svara til efstu bekkja fullkominna gagnfræðaskóla), eins og það er skilgreint í 11. gr., og hins vegar að hafa á hendi yfirstjórn og eftirlit allra gagnfræðastigsskólanna í héraðinu. Eðlilegast virðist, að þar, sem fleiri en einn gagnfræðaskóli verður í gagnfræðahéraði, eins og t. d. í Reykjavík, verði gagnfræðaráðið skólanefnd þeirra allra.

Gagnfræðaráðin fá aðstöðu til að hafa forystu í skólamálum og menningarmálum hvert í sínu héraði, og er það tilgangurinn, að svo verði.

Um 10. gr.

Í hverju gagnfræðahverfi starfar skólanefnd, en þar, sem gagnfræðahverfi og gagnfræðahérað falla saman, annast gagnfræðaráðið skólanefndarstörf. Enn fremur getur það annast skólanefndarstörf í fleiri en einu gagnfræðahverfi og við fleiri en einn gagnfræðaskóla, ef skyldufræðslan er veitt í fullkomnum gagnfræðaskólum. Samkvæmt lögum þeim, sem gilt hafa um barnafræðslu, eru skólanefndir barnaskólanna kosnar af bæjarstjórnnum í kaupstöðum, en af almenningi í hreppum. Reynsla sú, er fengizt hefur af þessu fyrirkomulagi, virðist benda til, að bezt henti að fela sveitarstjórnnum þetta starf, og er því tekið upp það fyrirkomulag, sem verið hefur í kaupstöðum varðandi skólanefndir barnaskólanna til þessa.

Um 11. gr.

Hlutverk skólanefnda er fyrst og fremst að annast fjármál skólanna, sjá um, að ytri aðstæður til skólahalds séu í samræmi við lög og reglugerðir, að nægilegt kennaralið fái að skólanum og börn ræki skólaskylduna. Að sjálfsögðu verða tillögur skólanefndar um fjárframlög til skólamála að fá samþykki sveitarstjórnar; rétt þykir þó, að aðilar eigi málskotsrétt til fræðslumálastjórnar, ef ágreiningur ris milli skólanefndar og sveitarstjórnar.

Eftirlit með innra starfi skólanna er ekki í höndum skólanefndanna, heldur námsstjóra, sem ætla má, að séu hæfari til að dæma á því sviði. Æskilegt verður að teljast, að aðstandendur þeirra unglinga, sem skólann sækja, fylgist sem bezt með skólastarfinu og hafi aðstöðu til að koma fram með tillögur og athugasemdir. Ekki þykir þó fært að koma fram með tillögur um að lögbinda þetta að sinni; en æskilegt væri, að sem víðast yrðu stofnuð félög aðstandenda, er störfuðu í fullu samráði við skólastjóra og kennara að velferðarmálum skólanna, nemenda og kennara. Þegar reynsla væri fengin af slíku starfi, gæti komið til álita að lögfesta eftirlit aðstandenda með skólum.

Um 12. gr.

Greinin þarf ekki skýringar hér. Um breytingu á fræðsluskyldunni er rætt fyrr í greinargerð fyrir þessu frumvarpi og í greinargerð fyrir frumvarpi um skólakerfi og fræðsluskyldu, sbr. enn fremur fylgiskjal með því frumvarpi.

Um 13. gr.

Efni þessarar greinar er skýrt í greinargerð fyrir frumvarpi um skólakerfið (sbr. og fylgiskjal). Þess skal þó getið hér, að rétt þykir að leggja það á vald sveitarstjórna og gagnfræðaráða að gera tillögu um að nota heimild þessarar greinar, en að sjálfsögðu er fræðslumálastjórninni ætlað úrskurðarvald í því efni. Ætla verður, að gagnfræðaráð og sveitarstjórnir kynni sér álit almennings, áður en slíkar tillögur eru gerðar, og er þetta raunar svo sjálfsagt, að ekki þykir ástæða til að setja um það bindandi lagaákvæði.

Um 14.—18. gr.

Þurfa ekki skýringar.

Um 19.—24. gr.

Þurfa ekki skýringar, sbr. þó greinargerð við frv. til laga um skólakerfi og fræðsluskyldu.

Um 25. gr.

Allir skólar gagnfræðastigsins mynda samfellda heild, þannig, að nemendum á að vera kleift að fara úr öðrum bekk unglingskóla í þriðja bekk miðskóla eða gagnfræðaskóla, og nemendum úr þriðja bekk miðskóla í fjórða bekk gagnfræðaskóla.

Um 26. gr.

Sennilegt verður að telja, að í sveitum verði unglíngafraeðsla veitt í sambandi við barnaskólana, fyrst um sinn að minnsta kosti. Það virðist því heppilegt, að héraðsskólarnir taki við af unglíngaskólunum og kennsla í þeim verði miðuð við tvo efstu bekki gagnfræðaskólanna, svo að nemendur þeirra geti lokið fullkomnu gagnfræðaprófi og einnig þreytt miðskólapróf bóknámsdeildar og þannig fengið rétt til inngöngu í menntaskólana, ef þeir ná tilskilinni einkunn. Kalla mætti þessa skóla héraðs-gagnfræðaskóla.

Um 27. gr.

Barnaprófið veitir rétt til inngöngu í báðar deildir gagnfræðaskólanna. Þó verður krafizt ákveðinnar prófseinkunnar til þess að fá inngöngu í bóknámsdeild, vegna þess, að hún mun miða námsefni sitt að verulegu leyti við undirbúning undir framhaldsnám í menntaskólum og skólum, er krefjast svipaðs undirbúnings, og er hæfni til bóknáms því skilyrði þess að geta notið námsins í þeirri deild. Ástæða þykir til að taka fram, að hæfni til bóknáms er alls ekki algildur mælikvarði á gáfur. Ekki þykir rétt að ákveða í lögum, hvaða einkunna skuli krefjast til inngöngu í bóknámsdeild. Réttara virðist, að það sé ákveðið í reglugerð, svo að auðvelt verði að breyta þessum ákvæðum eftir því, sem reynslan bendir til, að rétt sé. Verknámsdeild er öllum opin, sem barnaprófi hafa lokið. Ætlazt er til, að þar verði lögð megináherzla á ýmiss konar verknám auk bóklegra greina (sbr. 28. gr.). Verknáminu þarf að haga eftir hæfni hvers nemanda og með hliðsjón af því, hvaða atvinnu líklegast er, að hann stundi. Takist vel til um verknámskennslu, getur hún veitt þroska og menningu engu síður en bóknám. Verknámsdeild ber því alls ekki að skipa óvirðulegri sess í skólakerfinu en bóknámsdeild, og sennilega veitir hún viðtækari réttindi að námi loknu, því að ætla má, að þegar lög sérskólanna verða endurskoðuð, krefjist þeir flestir fremur prófs frá verknáms- en bóknámsdeild.

Fyrst um sinn mun mjög skorta hæfa kennara að verknámsdeildum, og vissulega verður reynslan að móta þær hægt og hægt, en rétt er að geta þess, að fyrirkomulag líkt þessu hefur verið reynt í Svíþjóð og með mjög góðum árangri, að dómi sænskra skólamanna.

Um 28. og 29. gr.

Þessar greinar fjalla um námsefni bóknáms- og verknámsdeilda. Ekki þykir fært á þessu stigi málsins að lögfesta ýtarlegri ákvæði um námsefni; reynslan verður að skera úr, hvað bezt á við í einstökum atriðum, og ætla verður fræðslumálastjórn að fylgjast það vel með, að hún finni þær úrlausnir, sem bezt henta á hverjum tíma. Sjálfsgagt þykir að binda í lögum, að íslenzka og íslenzk fræði skuli vera öndvegisgrein meðal bóklegra greina í báðum deildum, og þarf naumast að rökstyðja þá skoðun, svo sjálfsgögð verður hún að teljast. Í verknámsdeildinni mundi, næst íslenzku og íslenzkum fræðum, verða lögð áherzla á bóknám í þeim greinum, sem hagnýtastar eru í sambandi við atvinnuhætti og daglegt líf. Koma þá fyrst til greina ýmiss konar náttúruvísindi, en reikningur og stærðfræði sem hjálpargreinar þeirra.

Um 30. gr.

Gera verður ráð fyrir, að margir unglíngar óski að flytjast milli deilda, þegar nokkur reynsla er fengin af náminu. Sjálfsgagt er, að skólarnir greiði fyrir þessu, eftir því sem kostur er. Markmiðið er, að hver unglíngur hljóti kennslu við þarfir og hæfi. Þeir, sem óska að fara í bóknámsdeild úr verknámsdeild, þurfa auka-leiðbeiningar í bóknámi, en þeir, sem úr bóknámsdeild fara, í verknámi. Flutningar milli deilda ættu þó ætíð að fara fram í samráði við kennara og þar, sem því yrði við komið, eftir nákvæma og vísindalega athugun á hæfileikum nemenda.

Um 31. gr.

Þarf ekki skýringar, sbr. skýringar við 28. og 29. gr.

Um 32. gr.

Gera verður ráð fyrir, að í flestum unglingskólum verði kennt nokkru meira en minnst þarf til að ljúka skyldunámi, því að sjálfsagt er að gefa þeim, sem létt er um nám, kost á að fara lengra í ýmsum greinum en þeir geta farið, sem þyngra er um námið. Skyldunámið verður því að vera miðað við það, að þorri nemenda geti auðveldlega lokið því á tilskildum tíma, og hefði ef til vill verið rétt að fara hér að dæmi Svía, sem ákveða, hve margar kennslustundir skyldunám skuli ná yfir, en gera um leið ráð fyrir, að fleiri stundir séu kenndar í skólunum fyrir þá, sem vilja og geta tileinkað sér meira nám á því árabili, er skólinn stendur yfir. Réttara virðist þó að fá nokkra innlenda reynslu í þessu efni, áður en reglur eru lögfestar.

Um 33. gr.

Þarf ekki skýringar.

Um 34. gr.

Sjálfsagt þykir að gefa skólastjórum og skólanefndum tillögurétt um val kennara. Verði þessir aðilar eigi á eitt sáttir, þykir rétt, að fremur sé tekið tillit til skólastjóra en skólanefndar, þar sem kennarinn starfar að verulegu leyti á ábyrgð skólastjórans.

Um 35. og 36. gr.

Af þeirri reynslu, sem fengizt hefur af starfi námsstjóra við barnaskóla, þykir mega ráða, að sjálfsagt sé að hafa slíka starfsmenn við skóla gagnfræðastigsins. Sérstaklega verður að telja nauðsynlegt að hafa menn til leiðbeiningar og eftirlits, meðan skólar þess stigs eru að mótast og komast í fast horf. Skorti eftirlit og leiðbeiningar fyrir hina einstöku skóla, er hætt við, að skólakerfið verði ekki svo samræmd heild sem því er ætlað að vera.

Um 37. gr.

Rétt þykir, að námsstjórar séu með í ráðum um val skólastjóra, þar eð þeir hafa öðrum fremur tækifæri til að kynnst öllum þorra kennara. Vegna þessarar sérstöðu þykir og rétt, að tekið verði meira tillit til tillagna námsstjóranna en tillagna skólanefndanna.

Um 38. gr.

Árangur af starfi hvers skóla fer fyrst og fremst eftir því, hve góðum kennurum hann hefur á að skipa. Það er því einsætt, að gera verður strangar kröfur um menntun kennara, og þykir ekki minna koma til greina en um ræðir í þessari grein. Ljóst er, að fyrst um sinn verður skortur á kennurum, er fullnægi skilyrðum þessarar greinar, og er þá ekki annað að gera en fræðslumálastjórnin ráði fram úr vandanum í hverju tilfelli og fái sem hæfasta menn til, þótt ekki fullnægi þeir settum skilyrðum, en ætíð sé þó tryggt, að þeir, sem tilskilda menntun hafa, gangi fyrir. Alveg sérstaka áherzlu verður að leggja á, að sérhver kennari fullnægi hinum almennu menntunarskilyrðum, sem tilgreind eru í a-lið.

Um 39. og 40. gr.

Þurfa ekki skýringa.

Um 41. gr.

Naumast er það starf til, að fremur krefji sívakandi áhuga og sífelldrar endurnýjunar þekkingar en kennarastarfið. Þykir af þessum sökum nauðsynlegt að ætla kennurum tíunda hvert ár til að endurnýja kennarahæfni sína og auka þroska sinn. Að sjálfsögðu mundi leiða af þessu verulegan kostnað eða 10% af heildarlaunafulgu starfandi kennara, eða sem svarar því, að þegar 180 kennarar eru að kennslustörfum, þá verða 20 í orlofi; en ætla má, að kennarar gagnfræðastigsins verði von bráðar um 200.

Um 42. gr.

Hér er kveðið á um hámarksstarfstíma gagnfræðaskólanna. Sennilegt er, að fæstir þeirra mundu starfa lengur en átta mánuði á ári fyrst um sinn, en í þorpum og sveitum eflaust allmiklu skemur.

Um 43. gr.

Þarf ekki skýringar.

Um 44. gr.

Við barnaskólana er þegar fengin góð reynsla af landsprófum, og þykir alveg sjálfsagt að taka þau upp við skóla þessa stigs, svo að tryggt verði, að sambærilegur árangur fái af kennslunni við hina ýmsu skóla. Þetta er sérstaklega nauðsynlegt vegna þess, að próf þessa stigs veita öll ákveðin réttindi, ýmist til framhaldsnáms í skólum stigsins eða í öðrum skólum.

Þó þykir ekki fært, að gagnfræðaprófið verði landspróf, vegna þess, að ætlað er til, að í fjórða bekk gagnfræðaskólanna verði tekið svo mikið tillit til sérhæfni og þarfa einstakra nemenda, að ekki sé hægt að gera sömu prófkröfur til þeirra allra; hins vegar ættu prófvottorð þeirra að bera með sér, undir hvaða starf eða sérfræðinám hver einn þeirra hefur húið sig.

Um 45.—47. gr.

Þurfa ekki skýringa.

Um 48. gr.

Þau atriði, sem um getur í þessari grein, þykir ekki rétt að binda í lögum um sinn, en æskilegt er að fá nokkra reynslu í þessum efnum, og kemur þá til álita við endurskoðun laganna, sem væntanlega fer fram, áður en langir tímar líða, hver þeirra þykir þá fært að binda í lögum.

Um 49.—54. gr.

Þurfa ekki skýringa við.

Um 55. gr.

Eins og nú er háttað skiptingu tekjustofna milli ríkis og sveitarfélaga, virðist hæfilegt að ákveða skiptingu á stofnkostnaði skólanna, eins og hér er gert, enda að mestu stuðzt við ákvæði gildandi laga.

Um 56. gr.

Rétt þykir, að kennarar taki laun sín hjá einum aðila, og þá að sjálfsögðu hjá ríkinu, en ekki hlutaðeigandi sveitarfélagi. Eftir þeim upplýsingum, sem fyrir hendi eru, lætur nærri, að kennaralaunin séu $\frac{2}{3}$ af rekstrarkostnaði skólanna. Sveitarfélögin yrðu þá að greiða $\frac{1}{3}$ kostnaðarins, en gert er ráð fyrir, að ríkið endurgreiði $\frac{1}{4}$ þess kostnaðar, þegar fengin er vissa fyrir, að skólalald sé í samræmi við þær kröfur, sem fræðslumálastjórn gerir. Hluti sveitarfélaganna yrði því sem næst $\frac{1}{4}$, en ríkisins $\frac{3}{4}$ alls rekstrarkostnaðar skólans. Virðist þetta sanngjarnt, er lítið er á skattstofn sveitarfélaganna annars vegar og ríkisins hins vegar.

Um 57. og 58. gr.

Þurfa ekki skýringa.

Um 59. gr.

Líklegt er, að nokkrir kvennaskólar starfi samkvæmt ákvæðum frumvarps þessa, og verði þeir sóttir engu síður úr öðrum gagnfræðahéruðum en þeim, sem þeir starfa í. Að sjálfsögðu er ekki rétt, að eitt hérað beri kostnað þessara skóla, og þykir því rétt, að ríkið beri hann að mestu. Ekki þykir þó ranglátt, að það hérað, þar sem skólinn starfar, beri af honum nokkurn kostnað, því að það verður að teljast til hlunninda hverju héraði, að þar starfi sem flestir skólar.

Um 60.—62. gr.

Durfa ekki skýringa.

Um 63. gr.

Rétt þykir að setja takmörk fyrir því, hve margir nemendur skuli vera, hið fæsta, svo að gagnfræða- eða miðskóli verði haldinn, og þá jafnframt ákvæði um styrk til kennslu í námsgreinum þessara skóla, þar sem þeir eru ekki starfandi. Til skýringar því, hvernig styrkurinn reiknast, skal tekið fram, að fullt starf kennara miðast við, að kennt sé í 7 mánuði 30 stundir á viku, og nemendur séu 25. Ef gert er ráð fyrir, að kennslustundafjöldi kennara, sem kennir fulla kennslu, verði 840 og styrkur sé veittur vegna 500 kennslustunda fyrir 15 börn og fullkomin kennara-laun séu kölluð a, verður styrkupp hæðin a $\times \frac{500}{840} \times \frac{15}{25}$.

Um 64.—70. gr.

Durfa ekki skýringa.

Fylgiskjal 1.

Árið 1945, mánud. 11. júní kl. 2 e. h., var settur fundur skólustjóra héraðs- og gagnfræðaskóla. Fræðslumálastjóri, er átt hafði frumkvæði að fundinum, setti hann og gat þess, að verkefni hans væri að ræða frumvarp það um gagnfræðanám, er millipinganevnd í skólamálu hafði samið.

Á fundinum voru mættir fræðslumálastjóri, skrifstofustjóri fræðslumálastjóra, millipinganevnd í skólamálu og þessir skólustjórar:

Benedikt Tómasson,
Bjarni Bjarnason,
Guðmundur Gíslason,
Hermann Hjartarson,
Ingimar Jónsson,
Jóhann Jóhannsson,
Oddur Sigurjónsson,
Ragnheiður Jónsdóttir,
Þorsteinn M. Jónsson,
Þorsteinn Víglundsson,
Þórarinn Þórarinsson,
Þórir Steinþórsson,
Þóroddur Guðmundsson,
Hannibal Valdimarsson (mætti 12. júní).

Fundarstjórar voru kjörnir Bjarni Bjarnason og Þorsteinn M. Jónsson og fundarritarar tilnefndir Benedikt Tómasson og Guðmundur Gíslason.

Frummælandi var Ingimar Jónsson.

Gerði hann nokkra grein fyrir því, sem vakað hefði fyrir millipinganevnd við samningu frumvarpsins, og kvaðst vænta þess, að fundarmenn létu í ljós álit sitt á því, einkum því, er þeim þætti við það að athuga.

Þorsteinn M. Jónsson bar fram tillögu um, að skipaðar yrðu þrjár nefndir og skyldu þær gera athugasemdir við frumvarpið. Frestað var þó að skipa nefndirnar, þar til er málin hefðu verið rædd nokkru meir.

Síðan tóku til máls Þórir Steinþórsson, Þorsteinn Víglundsson, Guðmundur Gíslason og Oddur Sigurjónsson. Töldu ræðumenn sig samþykka frumvarpinu í aðalatriðum, en gerðu þó nokkrar athugasemdir við einstök atriði.

Fundi frestað.

Kl. 5,30 hófst fundur á ný. Skipað var í nefndir á þessa leið:

Laganefnd (frumvarpsnefnd):

Þórir Steinþórsson,
Bjarni Bjarnason,
Ragnheiður Jónsdóttir,
Benedikt Tómasson,
Ingimar Jónsson.

Fjármálanefnd:

Þorsteinn Víglundsson,
Oddur Sigurjónsson,
Þórarinn Þórarinsson,
Þóroddur Guðmundsson,
Hermann Hjartarson.

Kennslubókanefnd:

Jóhann Jóhannsson,
Þorsteinn M. Jónsson,
Guðmundur Gíslason.

Til máls tók Bjarni Bjarnason.

Kvaðst andvígur aukinni skólaskyldu. Taldi hallað á heimavistarskólustjóra í launagreiðslum samanbórið við skólustj. heimangönguskóla. Andvígur því, að skólagjöld yrðu niður felld. Sjálfsagt, að skólar hefðu rekstur til tekjuöflunar og gætu kaupstaðarskólar einnig verið gistihús á sumrin. Kennarar ættu að vera starfsmenn skólanna allt árið og laun þeirra miðuð við það. Mælti gegn því, að skólar yrðu gerðir að ríkisskólum.

Jóhann Jóhannsson ræddi um ósamræmi í launum skólustj. og kennara gagnfræðaskóla.

Þá tók til máls Sigfús Sigurhjartarson. Gerði hann glögga grein fyrir aðalatriðum frumvarpsins og breytingum þeim, er yrðu á skólakerfinu samkvæmt því.

Þorsteinn Jónsson taldi sérskóla að ýmsu leyti betri en samskóla. Var andvígur gistihúsrekstri í skólum, einkum kaupstaðaskólum. Kvað verða að gera miklar kröfur í einkunnum til þeirra nemenda, er í menntaskóla færu. Fundi frestað til næsta dags.

Þriðjudaginn 12. júní. Fundur settur kl. 2,15.

Form. frumvarpsnefndar, Þórir Steinþórsson, tók til máls. Kvað nefndina ekki hafa skilað álitni, en lýsti skoðun sinni á frumvarpinu og gerði við það nokkrar athugasemdir.

Fræðslumálastjóri rakti ástæður þess, að skólaskylda yrði framlengd til 15 ára aldurs.

Ingimar Jónsson kvað frumvarp millipinganeftdar beint framhald á þeirri þróun, er undanfarin ár hefði gerzt í skólamállum landsins. Nýir skólar hefðu risið upp og fleiri mundu bætast við. Nauðsynlegt væri því að samræma skólakerfið, og væri það höfuðtilgangur frumv. Taldi æskilegt, að skólarnir yrðu sjálfseignarstofnanir eins og áður.

Bjarni Bjarnason endurtók andmæli gegn aukinni skólaskyldu. Vildi fá nemendur í framhaldsskóla eftir 15 eða 16 ára aldur, ef þeir hygðu ekki á framhaldsnám.

Sigfús Sigurhjartarson gaf nokkrar skýringar á sumum atriðum frumvarpsins. Lýsti yfir því, að hann teldi kennara héraðs- og gagnfræðaskóla beitta rangindum í ákvæðum launalaga.

Fundi frestað.

Fundur hófst að nýju kl. 6.

Guðmundur Gíslason vildi, að skólarnir störfuðu ekki lengur en 7½—8 mán. á ári, og taldi nauðsynlegt að stofna menntaskóla í sveit. Tillögu á þessa leið var vísað til frumvarpsneftdar:

I. „Fundur héraðs- og gagnfræðaskólustjóra beinir þeim tilmælum til millipinganeftdar í skólamállum, að hún geri það að tillögu sinni, að menntaskóli verði

stofnaður í sveit hið fyrsta til þess að auðvelda æskumönnum sveitanna menntaskólanám.“

Þorsteinn M. Jónsson hafði framsögu f. h. kennslubókanefndar. Bar hann fram þessa tillögu:

II. „Fundurinn telur, að útgáfa kennslubóka eigi að vera frjáls og öllum heimil, því að þann veg verði bezt tryggð eðlileg þróun í vali og útgáfu námsbóka, enda verði fræðslumálastj. jafnan á verði um, að ekki skorti nauðsynl. kennslubækur. Þá telur fundurinn rétt, að nemendur kaupi og eigi þær bækur, er þeir nota við nám. Einnig lítur hann svo á, að æskilegast sé, að fræðslumálastjóri annist útvegum erlendra kennslutækja og kennslubóka.“

Hannibal Valdimarsson var nú mættur á fundinum. Ræddi hann um, hve erfitt væri að koma öllum námsgreinum fyrir á stundaskrá sökum tímaskorts. Vildi fella sumar námsgreinar niður eða fá að öðrum kosti nýjar, stuttar yfirlitsbækur í þeim greinum.

Oddur Sigurjónsson var hlyntur ríkisútgáfu námsbóka. Nauðsynl., að til væri einhver aðili, sem bæri ábyrgð á því, að til væru nægar námsbækur. Vildi, að fræðslumálastjóri byði út samningu námsbóka og keypti beztu handritin.

Fundi frestað.

Miðvikudaginn 13. júní var fundur settur kl. 1½.

Prófessor Ásmundur Guðmundsson hóf umræður um kennslubækur. Taldi það höfuðatriði, að kristin fræði væru kennd í gagnfræðaskólum. Óskaði álits fundarmanna á því, hvernig haga bæri slíkri kennslu.

Þorsteinn Víglundsson lýsti ánægju yfir frumvarpinu. Taldi kristindómsfræðslu vænlegasta í sambandi við kennslu í mannkynssögu, og yrði þá að semja nýjar bækur í þeirri grein. Vildi ekki, að ríkið gæfi út kennslubækur, en þó yrði að hafa eftirlit með því, að ekki væru gefnar út of margar kennslubækur í hverri grein.

Þorsteinn M. Jónsson kvað nauðsynlegt að takmarka allmjög námsgreinafjölda í skólum.

Þóroddur Guðmundsson lýsti stuðningi sínum við frumvarpið. Mótfallinn landsprófi. Námskrá skóla skyldi vera frjálsleg og rúm.

Fundarstjóri bar tillögu kennslubókanefndar (II.) undir atkvæði, og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þórir Steinþórsson kvaddi sér hljóðs f. h. frumvarpsnefndar og las þetta nefndarálit:

„Fundur héraðs- og gagnfræðaskólastjóra, haldinn í Reykjavík dagana 11.—13. júní árið 1945, lýsir yfir því, að hann er í höfuðatriðum samþykkur tillögum millipinganefndar í skólamálum um gagnfræðanáám og telur þær til bóta. Um einstök atriði tekur hann fram þetta:

III. Um 39. gr. frv. Setja mætti skýrari ákvæði um það, að ýmis störf kennara, önnur en bein kennslustörf, megi telja með í starfsmánaðafjölda hans og geti því lengt hann.

IV. Um 44. gr. frv. Rétt væri að fella niður ákvæði um það, að kennarar dæmi um úrlausnir hver í sinni grein við landspróf. Skulu öll ákvæði um framkvæmd prófa vera í reglugerð.

V. Um 56. gr. frv. Ákvæði vantar um það, að nemendur í heimavistarskólum skuli greiða húsaleigu. Geti mætti þess, að um fleiri tekjuöflunarleiðir en framlög ríkis og sveita megi vera að ræða.

VI. Um 57. gr. Of lítið mun vera að ætla einn kennara á 25 nemendur í skólum, sem hafa verknámsdeildir. Mundi nær, að einn kennara þyrfti á 15—18 nem. eftir stærð skólanna.

Þá hafa sumir fundarmenn sérstöðu að því leyti, að þeir telja skyldunám frá 13—15 ára aldurs ekki æskilegt að svo stöddu. Ef skyldunám verður lögboðið eftir 13 ára aldur, telja ýmsir æskilegt, að því þurfi ekki að vera lokið við 15 ára aldur.“

Hannibal Valdimarsson vildi ekki, að skólar störfuðu lengur en 7—7½ mánuð á ári. Benti á, að erfitt yrði að framkvæma landspróf, ef skólarnir störfuðu mislengi. Taldi sjálfsgagt, að kennarar fengju laun í samræmi við starfstíma skólanna.

Ingimar Jónsson gat fallizt á, að skólar störfuðu ekki lengur en 8 mánuði. Laun kennara við gagnfræðaskóla væru óréttlát miðað við aðra kennaraflokka, en gagnslaust mundi þó að fara fram á lagabreytingu nú þegar. Skýrði frá tilraunum sínum til þess að gera kennara sjóðfélaga í lífeyrissjóði.

Jóhann Jóhannsson bar fram þessa tillögu:

VII. „Fundurinn samþykkir, að upphaf 55. gr. í frumvarpi til laga um gagnfræðanám orðist svo: Ríkissjóður greiði allt að þrem fjórðu stofnkostnaðar við heimavistarskóla og heimangönguskóla.“

Kristinn Ármannsson lét í ljós undrun sína á því, að óskað skyldi eftir breytingu á ákvæðum um landspróf, þar sem þau væru sett til þess að gera skólum utan Rv. jafnhátt undir höfði.

Fundi frestað.

Kl. 5 hófst fundur að nýju.

Þorsteinn Víglundsson hóf umræður f. h. fjárhagsnefndar og óskaði eftir, að millipinganevnd tæki til greina nokkrar breytingartillögur.

Þá voru lesnar upp tillögur og þær bornar undir atkvæði.

Tillaga nr. III (við 39. gr. frv.) borin upp og samþ. í einu hljóði.

VIII. Svo hljóðandi tillaga Hannibals Valdimarssonar, Guðm. Gíslasonar og Þorsteins Víglundssonar borin upp og samþ. með 5 atkv. gegn 4:

„Fundurinn telur, að héraðs- og gagnfræðaskólar skuli ekki starfa lengur en 7½ mánuð á ári hverju, til þess að æskumenn þeir, er skólana sækja, slitni ekki úr tengslum við lífrænt atvinnulíf þjóðarinnar.“

Tillaga nr. IV. (um 44. gr.) samþ. með 7 atkv. án mótaskv.

IX. Svo hljóðandi tillaga samþ. með 7 atkv. án mótaskv.:

1) „Við 53. gr. bætist: „Skólastjórar og skólanefndir hafa úrskurðarvald um notkun skólahúsa.“

2) Framan við 56. gr. komi: „Skólastjórar og aðrir“

Tillaga nr. VII samþ. með 5 atkv. gegn 3.

X. Svo hljóðandi tillaga samþ. samhljóða:

„Við 56. gr. bætist: Skólastj. heimavistarskóla njóti ókeypis húsnæðis, ljóss og hita.“

Tillaga nr. V samþ. með öllum greiddum atkv.

Tillaga nr. VI samþ. með 7 atkv. gegn 3.

XI. Svo hljóðandi tillaga felld:

„Í 57. gr. bætist á eftir orðunum „hvern kennara“: í bóklegum greinum, — og á eftir orðunum „á ári“ komi: en við verknám séu 10—25 nem. í hverri kennslustund eftir því, hver kennslugreinin er“.

Till. nr. I samþ. með 7 atkv. án mótaskv.

XII. Svo hljóðandi till. frá Benedikt Tómassyni samþ. með öllum atkv.:

„Fundur héraðs- og gagnfræðaskólastjóra, haldinn í Rv. dagana 11.—13. júní árið 1945, leyfir sér að skora á hið háa Alþingi að samþykkja frumvarp það um gagnfræðanám, er millipinganevnd í skólamálum hefur lagt fram.“

XIII. Svo hljóðandi tillaga samþykkt með öllum atkv.:

„Fundurinn samþykkir að kjósa þriggja manna nefnd, er vinni að því við fræðslumálastjóra, kennslumálaráðherra og Alþingi, að laun héraðs- og gagnfræðaskólakennara og kennara Eiðaskóla verði greidd eins og ákveðið er í 16. og 29. gr. launalaga, þótt kennslutími skólans sé styttri en 9 mánuðir. Má benda á það, að skólarnir geta að öðrum kosti húizt við því, að beztu kennararnir hverfi frá þessum skólum og leiti sér starfs, þar sem kennslutími er lengri og árslaun því hærri. Þá felur fundurinn nefndinni að beita sér fyrir því, að héraðsskólakennarar verði færðir í sama launaflokk og gagnfræðaskólakennarar.“

Í nefndina voru kjörnir samhljóða:

Þórir Steinþórsson, Hannibal Valdimarsson og Sigfús Sigurhjartarson.

Þá tók til máls Þorsteinn M. Jónsson og kvaðst mótfallinn því að greiða hærra kaup þeim stundakennurum, er stílaleiðréttingar hefðu í heimavinnu. Óskaði eftir, að þetta yrði alls staðar eins.

Ingimar Jónsson var þessu sammála, en taldi þó rétt að greiða íslenzkukennurum aukalega fyrir leiðréttingar á ritgerðum.

Þorsteinn Viglundsson tók í sama streng. Ragnheiður Jónsdóttir óskaði eftir úrskurði kennslumálaráðherra eða fræðslumálastjóra í þessu máli.

Fræðslumálastjóri kvaðst vilja heyra tillögur skólastjóra, þar eð þeir hefðu betri skilyrði til að meta slíkt. Ragnheiður Jónsdóttir óskaði samkomulags við félag stundakennara. Jóhann Jóhannsson og Hannibal Valdimarsson voru sammála Þorsteini M. Jónssyni.

Síðan var þessi tillaga borin fram og samþykkt með öllum greiddum atkv. (fyrri hluti hennar):

XIV. „Fundurinn telur ekki þörf á sérstakri greiðslu fyrir heimavinnu stundakennara.“

Seinni hluti tillögunnar, er hljóðaði svo, var felldur:

„.... nema ef vera skyldi fyrir leiðréttingar á isl. stílum (ritgerðum) í efri bekkjum skólanna.“

Samþykkt var að kjósa skólaráð héraðs- og gagnfræðaskóla með 7 atkvæðum gegn 1.

Samþykkt að ráða námsstjóra með öllum greiddum atkv.

Fundarhlé.

Í fundarhléi sátu fundarmenn kvöldverð að Hótel Borg í boði fræðslumálastjóra. Var þar mættur kennslumálaráðherra, Brynjólfur Bjarnason, og frú hans.

Að kvöldverði loknum hófst fundur á ný að Hótel Borg, og las ritari fundargerð. Var hún samþykkt athugasemdalaust.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Benedikt Tómasson (sign.)
ritari.

Ingimar Jónsson (sign.)
e. u.

Fylgiskjal 2.

MILLIÞINGANEFND Í SKÓLAMÁLUM

Reykjavík, 4. sept. 1945.

Dagana 11.—13. júní þ. á. var haldinn í Reykjavík fundur skólastjóra héraðs- og gagnfræðaskóla að frumkvæði fræðslumálastjóra. Verkefni fundarins var meðal annars að taka til athugunar frumvarp um gagnfræðanáám, er millipinganefnd í skólamálum hefur samið.

Fundurinn gerði ýmsar ályktanir varðandi frumvarpið, svo sem sjá má í afriti af fundargerð, sem fylgir hér með.

Millipinganefndin hefur nú athugað samþykktir fundarins, og getur hún fallizt á að mæla með þessum breytingum á frumvarpinu:

1. Við 39. gr.

Aftan við gr. bætist: eða taka tillit til slíkra aukastarfa, þegar ákveðin er lengd árlegs starfstíma kennara. Skólanefnd ákveður kennsluskyldu skólastjóra með samþykki fræðslumálastjórnar.

2. Við 44. gr.

Orðin: „Kennarar dæma . . . fræðslumálastjórnar“ falli burt.

3. Við 56. gr.

3. málsliður 1. málsgreinar orðist svo:

Annar rekstrarkostnaður greiðist úr skólasjóði. Tekjur skólasjóðs eru: húsaleiga, tekjur af eignum skólans og tekjur af ýmiss konar starfrækslu, sem rekin er í því skyni að afla skólanum tekna. Að svo miklu leyti sem þessar tekjur hrökkva ekki fyrir gjöldum skólasjóðs greiða hlutaðeigandi sveitarfélög sjóðnum það, sem á vantar, en ríkissjóður endurgreiðir fjórða hluta þess að fengnum skýrslum um fullnægjandi skólalald samkvæmt settum reglum og fyrimælum. Endurgreiðsla ríkissjóðs rennur í skólasjóð og telst til tekna hans á næsta ári. Fræðslumálastjórn ákveður húsaleigu heimavistarnemenda í samráði við skólastjóra og skólanefnd.

4. Við 57. gr.

a. Fyrir orðin „allt að 25 er styttri“ komi: 20—25 nemendur komi á hvern kennara eftir því, hve verknám er mikið.

b. Í stað orðanna: „25 á hvern kennara“ komi: þá tölu, sem æfluð er föstum kennurum.

Í 58. gr. er prentvilla. Er þar vitnað í 54. gr., en á að vera 55. gr.

Aðrar tillögur frá áðurnefndum fundi skólastjóra getur nefndin ekki fallizt á. Telur hún sumar óþarfar, en aðrar ekki til bóta.

Um einstakar tillögur vill nefndin taka þetta fram:

1. Tillaga merkt I í fundargerð.

Samkvæmt 1. gr. frv. þess um menntaskóla, er nefndin hefur samið, er það á valdi Alþingis á hverjum tíma að fjölga menntaskólum og þá einnig að stofna menntaskóla í sveit. Millipinganefndin telur ekki tímabært að bera fram tillögu um það nú, en telur rétt, að hugsað verði fyrir heimavistum við Menntaskólann í Reykjavík við væntanlega aukningu eða endurbyggingu þess skóla.

2. Tillaga merkt II í fundargerð.

Millipinganefndin mun síðar leggja fram tillögur sínar um útgáfu námsbóka.

3. Tillaga merkt VII í fundargerð.

Nefndin er mótfallin því, að ríkissjóður leggi blutfallslega jafnmikið fram til bygginga heimangönguskóla og heimavistarskóla. Við hina síðarnefndu er margháttaður aukakostnaður, sem erfitt er fyrir hlutaðeigandi héruð að standa straum af. Tillag ríkisins á að jafna nokkuð aðstöðumuninn.

4. Tillaga merkt VIII í fundargerð.

Nefndin vill ekki binda það í lögum, að skólar gagnfræðastigsins megi ekki starfa lengur en $7\frac{1}{2}$ mánuð árlega. Samkvæmt 42. gr. frv. er svigrúm til þess að haga árlægum starfstíma hvers skóla eftir því, sem bezt á við staðhætti og atvinnulíf á hverjum stað.

5. Tillögur merktar IX og X í fundargerð telur nefndin óþarfar.

Þetta tilkynnist yður, hæstvirtur menntamálaráðherra, með ósk um, að þér kynnið efni bréfs þessa þeirri þingnefnd, sem væntanlega fær frv. til laga um gagnfræðanám til meðferðar á næsta Alþingi.

F. h. millipinganefndar í skólamálum.

Ásmundur Guðmundsson. Helgi Eliasson.

Til menntamálaráðherra, Reykjavík.